

Alþingi
Erindi nr. P 136/1207
komudagur 11.3.2009



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11. mars 2009

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 63. mál, veiðiréttur.

Landssamband smábátæigenda (LS) styður framkomid frumvarp og vísar til samþykktu aðalfunda LS allar götur síðan 1985 um frjálrsæði til handfæraveiða. Þessar samþykktir hafa verið með ýmsum blæbrigðum en oftast en ekki orðuð eins og á síðasta aðalfundi LS í október 2008:

„Aðalfundur Landssambands smábátæigenda 2008 samþykkir að gefa handfæraveiðar frjálrsar.“

Að auki samþykkti aðalfundurinn eftirfarandi, í ljósi þess að þróun handfæraveiða við landið hefur verið í þveröfuga átt við samþykktina að ofan:

„Aðalfundur Landssambands smábátæigenda 2008 samþykkir handfæraávilnun.“

Greinargerð: Handfæraveiðar hafa orðið fyrir mestri skerðingu vegna þess að aflaheimildir þeirra eru nær eingöngu í þorski. Stuðningur við handfæraveiðar er stuðningur við sjávarbyggðirnar. Hér gilda því sömu rök og eiga við um línuávilnun. Það yrði vonandi til að halda í þá fáu báta sem eftir eru. Það er líka ástæða fyrir okkur að varðveita verkþekkingu og þekkingu á lífríki og veiðimunstri á grunnsævi sem annars gæti glatast.“

Rétt er að taka fram að tillögur LS varðandi handfæraveiðar hafa verið hugsaðar fyrir smábátaflotann eins og hann er skilgreindur samkvæmt lögum. Þá hafa verið samþykktar tillögur sem takmarka þetta frelsi við báta undir 6 tonnum.


LS vill benda á að texti frumvarpsins er gallaður. Í hann vantar skilgreiningu á því hvers konar heimild til fiskveiða um er að ræða. Vætanlega er það „heimild til fiskveiða í atvinnuskyni“ og því þarf að lagfæra fyrstu setningu frumvarpsins á þennan veg (breytingar feitletraðar):

„Þrátt fyrir önnur ákvæði þessara laga er öllum þeim íslenskum ríkisborgurum sem hafa tilskilin réttindi til skipstjórnar og vélstjórnar, ef þess er krafist vegna stærðar vélar viðkomandi báts, heimilt að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni á eigin bát með tveimur sjálfvirkum handfærarúllum á tímabilinu 1. apríl til 1. október ár hvert.“

Þá telur LS að misræmis gæti milli fyrstu setningar, þar sem talað er um „eigin bát“ og „tvær sjálfvirkar handfærarúllur“ og fjórðu setningar þar sem talað er um „áhöfn“ og „fjórar rúllur“.

Upptalning á skilyrðum um skips- og vélstjórnarréttindi, tilkynningaskyldu og haffæri er óþörf. Leyfi til fiskiveiða í atvinnuskyni samkvæmt núgildandi lögum eru háð framangreindu.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands smábátæigenda



Arthur Bogason
formaður